

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis vegna Þrastarhöfða 39 og 49, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Þrastarhöfða 39 og 49.

Breytingin felst í því að fjarlægð frá götu að bílskúr á lóðunum Þrastarhöfða 39 og 49 verður sjö metrar í stað sex metra.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 5. desember 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2005